

Sp.

863. Tillaga

til þingsályktunar um skipun yfirlæknis við geðveikrahælið á Kleppi.

Flm.: Steingr. Steinþórsson, Sveinn Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að sameina þegar báðar deildir geðveikrahælisins á Kleppi undir yfirstjórn Þórðar próf. Sveinssonar og vikja dr. Helga Tómassyni úr embætti.

Greinargerð.

Éngin aðkallandi þörf virðist á því vera að halda og launa 2 yfirlækna á Kleppi. Hælið er eigi svo fjölmennt, að húsbændur þurfi marga. Aðstoðarlæknir mundi jafnan auðfenginn og nauðsynleg aukin læknisaðstoð frá Rvík, þegar nauðsyn krefði.

Skipun dr. Helga Tómassonar í embætti við hælið af nýju er ekki aðeins þarflitil, en auk þess spillir hún álit og trausti fjölda manna á hælínu og dregur þá um leið úr gagnsemi þess.

Dr. Helga hefir orðið sú ósvinna á, sem alræmd er innan lands og utan. Heiptrækni og flasfengni hans hafa leitt hann út í þá óhæfu að lýsa geðbillaðan pólitískan andstæðing sinn, til þess eins — að því er séð verður — að ryðja honum úr vegi. Vita allir kunnugir, að ekkert tilefni hafði læknirinn annað.

Þúsundir manna, viðsvegar af landinu, og margir útlendingar hafa með eiginhandar undirskrift sinni lýst undrun sinni og viðbjóði á þessu háttalagi

læknisins. Þúsundir manna hafa aftur og aftur bæði í ræðu og riti, á landsmálafundum og annarsstaðar lýst vantrausti á lækni þessum. Það týnda traust kann hann að geta unnið sér aftur annarsstaðar, en þess er tæpast að vænta, að hann eins og komið er verði spámaður í föðurlandi sínu.